

Hefur áhrif á umræðuna



Í kjölfar harmleiksins hefur mikið verið gert úr andlegum veikindum flugmannsins, Andreas Lubitz. AFP

verið töluvert mikið rannsakað," segir Hrannar.

Hann segir hins vegar vitað að ákveðin þunglyndislyf geti valdið því að það leiti á fólk hugsanir um að skaða sig eða aðra. Þörf sé á frekari rannsóknum á aukaverkunum geðlyfja og þeim áhrifum sem það getur haft á fólk að hefja og hætta inntöku þeirra.

Hrannar segir fordómafullt að gefa út yfirlýsingar um veikindi flugmannsins áður en frekari upplýsingar liggja fyrir. „Það eru alls konar atvik í lífi fólks sem geta ýtt undir skaðlega hegðun gagnvart því sjálfu og öðrum, og það eru miklu líklegri áhættuþættir en þunglyndi eða eitthvað slíkt," segir hann.

Vangaveltur þess efnis að flugmaðurinn sem grandaði vél Germanwings í frönsku Ölpunum hafi þjáðst af þunglyndi og sjálfsmorðshugleiðingum hafa tvímæla-laust áhrif á umræðuna um geðsjúkdóma og byggja jafnvel á fordómum, ef marka má formann Geðhjálp.

Hrannar Jónsson segir áhyggjuefni að orðið „þunglyndi“ sé dregið fram til skýringar á hinu og þessu.

„Það eru nánast engar líkur á því að einhver sem þjáist af vægu eða meðalþunglyndi eða kvíða sé í sjálfsvígshugleiðingum eða það renni á hann eitthvert morðæði, að öðru óbreyttu. Þetta hefur

http://www.mbl.is/frettir/innlent/2015/03/31/hefur_ahrif_a_umraeduna/